

júlí 1947. Ber því að sýkna hann af kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Vinnuveitendasamband Íslands f. h. Guðmundar Jónssonar, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands f. h. Verkalýðs- og sjómannafélags Gerða- og Miðneshrepps vegna Elíasar Guðmundssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 30. desember 1948.

Nr. 9/1948. **Matthías Sveinsson** (Sigurgeir Sigurjónsson hrl.)

gegn

Alþýðusambandi Íslands f. h.

Verkamannafélagsins Þórs (Enginn.)

Krafa um félagsréttindi í verkalýðsfélagi.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 21. sept. þ. á., af Matthíasi Sveinssyni, verkamanni á Selfossi, gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. verkamannafélagsins Þórs á Selfossi. Dómkröfur stefnanda eru þær, að honum verði dæmd full og óskert félagsréttindi í verkamannafélaginu Þór á Selfossi frá og með 15. sept. 1948, og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Er mál þetta var þingfest, var þing sótt af hálfu stefnda. Fékk hann þá frest og lagði síðan fram greinargerð af sinni hálfu og fengu aðiljar þá sameiginlegan frest til gagnasöfnunar. En áður en henni væri lokið, eða í þinghaldi 25. nóv. s.l., var ekki sótt þing af hálfu stefnda. Fékk umboðsmaður

stefnanda þá frest til þess að stefnandi gæti komið fyrir dóm og gefið aðiljaskýrslu. Að því loknu lagði stefnandi fram sókn og var málið þá tekið til dóms eftir kröfu hans.

Stefnandi máls þessa er búsettur á Selfossi og hefur átt þar heima síðan 23. febrúar þ. á. Allan þenna tíma hefur hann unnið á bifreiðaverkstæði þar og haft þann starfa að rétta hjólhlífar á bifreiðum. Fyrst í stað vann hann fyrir kaup, sem var lægra en venjulegt verkamannakaup þar á staðnum, en nú fær hann fullt verkamannakaup fyrir vinnu sína. Hann hefur ekki stundað iðnaðarnám eða öðlazzt nein iðnréttindi.

Hinn 15. sept. s. l. var haldinn fundur í verkamannafélaginu Þór á Selfossi. Kom stefnandi á fund þenna og afhenti þar formanni skriflega beiðni sína um inngöngu í félagið og bauð fram greiðslu á inntökugjaldi. Inntökubeiðni hans var þó ekki borin upp á fundi þessum, og fékk hann ekki að taka þátt í fundarstörfum. Viku síðar höfðaði hann mál þetta. Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að samkvæmt 2. gr. laga nr. 80/1938 eigi hann sem verkamaður kröfu til þess að verða félagsmaður, og hafi félagið gerzt brotlegt við nefnda grein með því að neita honum um inngöngu.

Í greinargerð sinni byggði stefndi sýknukröfu sína á því, að verkamannafélagið Þór sé aðeins stofnað til hagsbóta fyrir þá menn, sem stundi almenna verkamannavinnu, og sé því af þeim sökum aðeins skylt að veita þeim mönnum inngöngu, er vinni í þeirri starfsgrein. Þetta geri stefnandi ekki, þar sem hann stundi aðra vinnu. Eigi hann því ekki rétt til inngöngu í félagið, og sé engin heimild fyrir hendi til þess að dæma honum félagsréttindi. Mótmælti stefndi því sérstaklega, að stefnanda yrðu dæmd félagsréttindi frá og með 15. sept. s.l.

Samkvæmt 2. gr. samþykktu verkamannafélagsins Þórs er tilgangur félagsins sá, „að efla og styðja að hag og menningu alþýðunnar í því svæði, sem félagið nær yfir, aðallega með því að ákveða kaupgjald og vinnutíma,“ svo og „að vinna að framgangi allra þeirra mála, er verða megi til aukinna réttinda, menningar og bættra kjara fyrir alþýðu landsins.“ Í 3. gr. segir, að um inngöngu í félagið geti sótt „sérhver sjómaður, verkamaður og verkakona,“ ef hann eða hún er fullra 16 ára að aldri og fær til allrar algengrar erfiðisvinnu. Þegar

virt eru þessi ákvæði samþykktanna annarsvegar og hinsvegar starf stefnanda, sem að framan er greint, verður að telja, að það sé þess eðlis og hagir hans með þeim hætti, að hann sé í flokki þess fólks, sem samkvæmt framangreindum ákvæðum samþykpta félagsins á rétt til inngöngu í það. Synjun forráðamanna verkamannafélagsins Þórs, um að veita stefnanda inngöngu í félagið, er því andstæð ákvæðum 1. másl. 2. gr. laga nr. 80/1938 og er stefnda skylt að veita stefnanda full og óskert félagsréttindi. En ekki eru efni til að taka til greina kröfu hans um það, að honum verði dæmd félagsréttindi frá og með 15. sept. s.l.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 300.00.

Dómsorð:

Stefnda, verkamannafélaginu Þór á Selfossi, er skylt að veita stefnanda, Matthíasi Sveinssyni, full og óskert félagsréttindi.

Stefndi greiði stefnanda kr. 300.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði Ragnars Ólafssonar.

Sannað er í málinu, að meðan stefnandi starfar sem fastur starfsmaður á bifreiðaverkstæði hefur hann ekki fjárhagslega hagsmuni af því að vera félagsmaður í verkamannafélaginu Þór, þar eð samningar um kaup og kjör bifreiðaviðgerðarmanna falla ekki innan starfssviðs þess. Ber því að sýkna stefnda. Rétt þykir að stefnandi greiði stefnda málskostnað, kr. 300.00.

Dómsorð mitt verður því svo:

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. verkamannafélagsins Þórs, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Matthíasar Sveinssonar, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 300.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.